

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2012 - 2013

Gæðastjóri

Ástríður Ebba Arnórsdóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Síðstliðin ár	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2012- 2013	3
2.2.1	Samantekt jólaprófa	3
2.2.2	Viðhorfskönnun forráðamanna	4
2.2.3	Kennslukönnun	6
2.2.4	Nemendur með lesröskun	8
2.2.5	Nemendur með annað móðurmál en íslensku	9
2.2.6	Viðmót og menning skóla	9
2.2.7	Aðbúnaður í Menntaskólanum í Reykjavík	11
2.2.8	Umbótaáætlun	12
2.3	Annað	12
3.	Lokaorð	13

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtíma ávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er bæði átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Enn fremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra hlutaðeigandi. Sjálfsmatskýrslur MR fyrir fjögur síðastliðin ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við menntamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stoðtíma þar sem nemendum standa til boða aukátímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%

Í upphafi skólaárs 2012-13 voru innritaðir nemendur 919, þar af voru 170 eða 18% á málabraut og 749 eða 82% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 53% nemenda stúlkur og 47% piltar. Í vor voru 233 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2012-13 voru starfsmenn skólans 92, þar af 72 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur, 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu, ritstjórn skólaskýrslu og umsjón með námskerfi) og 5 með ræstingar. Kynjaskipting var nokkuð jöfn í kennarahópnum, 52 konur og 40 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf, 36 með meistaraþróf, 28 með viðbótarnám eftir B gráðu og 2 með B gráðu háskólastigs. Nokkrir eru án kennsluréttinda eða alls 5. 1 var leiðbeinandi með 6 vikustundir og 4 voru stundakennarar er flestir kenndu valgreinar.

2. Sjálfsmat

2.1 Síðstliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa, rafrænar viðhorfskannanir forráðamanna nýnema og nemenda í 4. bekk skólans og kennslukönnun sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2012-2013 snéri hann að námi og líðan nemenda. Einnig voru skoðaðar aðgerðir til að koma til móts við nemendur með lesröskun og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Enn fremur var sett niður teymi til að skoða viðmót og menningu skóla og innri aðbúnað í MR.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar þá var stuðst við ákveðið vinnuferli, sett niður starfsteymi til að velja hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Gætt er þess að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2012 - 2013

2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í lok haustannar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekki í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþróaárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá eru þeir sem ekki hefur gengið sem skyldi sérstaklega teknir fyrir og reynt að beina þeim á rétta braut.

2.2.2 Viðhorfskannanir forráðamanna

Samstarf heimila og skóla er mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Einn liður í því samstarfi eru svokallaðar viðhorfskannanir forráðamanna nemenda þar sem stuðst er við forritið Questionpro.com. Könnunin fór að þessu sinni fram í febrúar 2013 og var send til allra forráðamanna nemenda skólans í 3. og 4. bekk skólans. Sömu spurningarnar voru lagðar fyrir báða árangra til að fá samanburð milli ára. Könnunin var opin í einn mánuð og þá kom í ljós að 99% forráðamanna 3. bekkjar höfðu svarað könnuninni og 99,3% forráðamanna 4. bekkjar.

Forráðamenn nemenda 4. bekkjar svöruðu tíu spurningum/staðhæfingum sem lagðar voru fyrir þá og voru niðurstöður svohljóðandi. Niðurstöður sömu aðila ári fyrr má lesa í svigum með skáaletri til samanburðar:

1. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.
Niðurstaða: 91% voru mjög sammála eða sammála. (*Forráðamenn sömu nemenda voru 2012: 92%*)
2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.
Niðurstaða: 63% svöruðu neitandi (*vor 2012: 74%*). Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 29% að breytingin væri til hins betra (*vor 2012: 15%*).
3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:
Niðurstaða: 66% töldu vinnuálagið vera hæfilegt (*vor 2012: 62%*). en 32% töldu það vera of mikið (*vor 2012: 32%*).
4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.
Niðurstaða: 95% voru mjög sammála eða sammála (*vor 2012: 94%*).
5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.
Niðurstaða: 65% voru mjög sammála eða sammála (*vor 2012: 72%*). 28% svara með veit ekki (*vor 2012: 23%*).
6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.
Niðurstaða: 83% voru mjög ósammála eða ósammála (*vor 2012: 76%*).
7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:
Niðurstaða: 44% töldu hana of mikla, mikla eða frekar mikla (*vor 2012: 63%*), 26% töldu hana frekar litla eða litla (*vor 2012: 13%*) og 28% töldu sig ekki vita svarið (*vor 2012: 24%*).
8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.
Niðurstaða: 63% voru mjög sammála eða sammála (*vor 2012: 61%*). 7% voru mjög ósammála eða ósammála (*vor 2012: 9%*) og 29% töldu sig ekki vita svarið (*vor 2012: 30%*).

9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar uppákomur sem skólinn stendur fyrir.
Niðurstaða: 93% svöruðu með alltaf (*vor 2012: 93%*) og 5% svöruðu með oft (*vor 2012: 5%*).
10. Leyfir þú eftirlitslaus „partý“?
Niðurstaða: 82% svöruðu með aldrei (*vor 2012: 93%*) og 13% með sjaldan (*vor 2012: 5%*).

Samtímis var viðhorfskönnun send til forráðamanna nýnema skólaárið 2012-2013. í gegnum Questionpro.com. Könnunin var opin í einn mánuð og þegar henni var lokað kom í ljós að svörun forráðamanna nýnema skólans var 99%.

Forráðamenn svöruðu tíu spurningum/staðhæfingum sem lagðar voru fyrir þá og voru niðurstöður svohljóðandi:

1. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.
Niðurstaða: 88% voru mjög sammála eða sammála.
2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.
Niðurstaða: 60% svöruðu neitandi. Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 30% að breytingin væri til hins betra.
3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:
Niðurstaða: 54% töldu vinnuálagið vera hæfilegt en 46% töldu það vera of mikið.
4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.
Niðurstaða: 93% voru mjög sammála eða sammála.
5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.
Niðurstaða: 84% voru mjög sammála eða sammála. Veit ekki segja 12%.
6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.
Niðurstaða: 87% voru mjög ósammála eða ósammála. Veit ekki segja 6%.
7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:
Niðurstaða: 56% töldu hana of mikla, mikla eða frekar mikla, 19% töldu hana frekar litla eða litla og 25% töldu sig ekki vita svarið.
8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.
Niðurstaða: 52% voru mjög sammála eða sammála. 13% voru mjög ósammála eða ósammála og 35% töldu sig ekki vita svarið.
9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar uppákomur sem skólinn stendur fyrir.
Niðurstaða: 90% svöruðu með alltaf og 9% svöruðu með oft.
10. Leyfir þú eftirlitslaus „partý“?
Niðurstaða: 90% svöruðu með aldrei og 7% með sjaldan.

2.2.3 Kennslukönnun

Í 10. viku ársins var gerð kennslukönnun á meðal allra nemenda skólans. Síðastliðin tvö ár hefur könnunin verið gerð rafrænt. Það hefur þótti takast nokkuð vel og því ákveðið að hafa sama háttinn á að þessu sinni þó með þeirri breytingu að könnunin var heldur fyrr á árinu til að koma á mótis við óskir kennara. Könnunin er nefnd Viðhorfskönnun í I. hluta hennar og snýr að kennslu og kennslustofu en Nám og líðan er í II. hluta. Sá hluti fjallar um nemendur sjálfa, líðan þeirra og þroska með vísan til nýrrar námskrár.

Niðurstöður kennslukönnunar

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög góður	Frekar góður	Í meðallagi	Frekar slæmur	Mjög slæmur	Fjöldi
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	3073	1126	551	159	68	4977
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	2634	1242	654	315	130	4975
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	3071	1064	544	200	92	4971
	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Í meðallagi	Frekar óánægður	Mjög óánægður	
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2691	1133	706	278	156	4964
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	
Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	1928	1421	975	433	205	4962
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	2103	1506	928	302	119	4958
	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	
Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	2385	772	792	168	589	4706
Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	1481	537	978	355	1291	4642

	Alltof mikið	Of mikið	Hæfilegt	Ekki nógu mikið	Alltof lítið	
Mér finnst vinnuálagið í námsgreininni vera:	308	654	3715	182	69	4928
	Mikil	Hæfileg	Of lítil	Alltof lítil	Engin	
Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	1905	2472	180	50	255	4862
Samtals	21579	11927	10023	2442	2974	48945

Við nánari samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

- 84% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan.
- 78% telja að kennarinn útskýri námsefnið mjög vel eða frekar vel.
- 83% telja að kennarinn bregðist mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið.
- 77% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann.
- 67% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 20% telja að það takist í meðallagi.
- 73% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 19% telja að það takist í meðallagi.
- 67% telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 17% telja að það takist í meðallagi.
- 43% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 21% telja að það takist í meðallagi en 35% svara frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
- 75% telja vinnuálagið í viðkomandi grein sé hæfilegt en 20% telja að vinnuálag sé alltof mikið eða of mikið.
- 90% telja að tengsl heimavinnu við námsefnið séu mikil eða hæfileg.

Niðurstöður könnunar um Nám og líðan nemenda í II. hluta kennslukönnunar er samkvæmt eftirfarandi:

Samantekt um nemendur	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig líður þér í daglegu skólastarfi?	185	161	67	14	2	429
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig líður þér í frímínútum?	247	135	39	6	1	428
	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Fjöldi
Tekurðu þátt í félagslífi í MR	64	134	142	65	23	428

	Talsvert aukist	Aðeins aukist	Svipað og áður	Eitthvað minna	Langtum minna	Fjöldi
Hefur sjálfstraust þitt breyst eftir að þú byrjaðir í MR?	175	130	82	32	8	427
	Mjög mikið	Frekar mikið	Í meðallagi	Frekar lítið	Mjög lítið	Fjöldi
Stuðlar námið í MR að gagnrýninni hugsun?	109	167	104	32	13	425
	Mjög mikið	Frekar mikið	Í meðallagi	Frekar lítið	Mjög lítið	Fjöldi
Stuðlar námið í MR að frumkvæði þínu og sjálfstæði?	102	170	108	35	12	427
Stuðlar námið í MR að getu þinni til að vinna í góðu/farsælu samstarfi með öðrum?	110	162	121	24	11	428
Samtals	992	1059	663	208	70	3168

Við nánari samantekt á framangreindri könnun á námi og líðan nemenda kemur eftirfarandi í ljós:

1. 81% svarenda líður mjög vel eða frekar vel í daglegu skólastarfi og 16% í meðallagi.
2. 89% svarenda líður mjög vel eða frekar vel í frímínútum og 9% í meðallagi.
3. 46% svarenda taka mjög oft eða frekar oft þátt í félagslífi MR og 33% í meðallagi.
4. 71% svarenda telja sjálfstraust sitt hafa aukist talsvert eða aðeins eftir að þau byrjuðu í MR og 19% telja það vera svipað og áður.
5. 65% svarenda telja að námið í MR stuðli mjög mikið eða frekar mikið að gagnrýninni hugsun og 24% í meðallagi.
6. 64% telja að námið stuðli mjög mikið eða frekar mikið að frumkvæði og sjálfstæði og 25% í meðallagi.
7. 64% telja að námið í MR stuðli mjög eða frekar mikið að frumkvæði nemenda og sjálfstæði en 28% telja það sé í meðallagi.

2.2.4 Nemendur með lesröskun

Mikill áhugi hefur verið hjá starfsmönnum skólans að geta sinnt vel öllum þeim nemendum sem skólann sækja. Ekki hafa verið settir fjármunir í þennan þátt af hálfu yfirvalda og bæði skólahúsnæði og mikið vinnuálag gerir starfsmönnum erfitt um vik að geta sinnt nemendum með sérþarfir á viðunandi hátt.

Um langt skeið hefur verið boðið upp á lengri prófatíma og eins hafa nemendur með prófkvíða fengið námskeið. Þessi vinna hefur verið í höndum námsráðgjafa í samstarfi við umsjónarkennara. Síðastliðinn vetur fékk skólinn Elínu Vilhelmsdóttur, kennara í sálfræði og námsráðgjafa í FÁ til að koma í skólann og segja frá því sem FÁ er að gera, t.d. varðandi

lesröskun og hvaða þjónusta er veitt. Margt athyglisvert kom fram hjá henni og þess eðlis að gott væri að MR fengi tækifæri til að nýta sér reynslu FÁ til að þjónusta nemendur með lesröskun. Hins vegar eru engir fjármunir veittir í þessa aðstoð til MR og hefur margsinnis verið farið fram á við ráðuneytið að gera skólanum kleift að aðstoða í þessum efnum en því miður hefur ekkert miðað.

MR hélt einnig fund með námsráðgjöfum grunnskólanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu og var fundurinn vel sóttur. Er það von okkar að bein samskipti við námsráðgjafana geti eflt samstarf milli grunnskólans og MR.

2.2.5 Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Síðustu tvö skólaár hefur Menntaskólinn í Reykjavík boðið nemendum með annað móðurmál en íslensku upp á námsaðstoð. Stuðningurinn hefur mælst vel fyrir meðal nemenda okkar og það er mat bæði nemenda og kennara að hann hafi gagnast vel. Við skipulagninguna var leitað fyrirmynda í öðrum framhaldsskólum og nefna má að fulltrúar skólans kynntu sér þjónustu Menntaskólans við Hamrahlíð við nemendur með annað mál en íslensku.

Árlega hafa á bilinu tíu til fimmtán nemendur notið þjónustunnar. Níu nemendur með annað móðurmál en íslensku stunda nú nám við MR. Rétt er þó að geta þess að þeir hafa ekki allir þurft á þjónustunni að halda. Þó nokkrir nemendur, sem hafa dvalið meginhluta skólagöngu sinnar erlendis, hafa notið samskonar námsaðstoðar og skólafélagar þeirra sem hafa íslensku sem annað mál.

Það er mat okkar sem störfum við MR að þjónusta þessi hafi gagnast nemendum okkar vel. Leiðarljós okkar er að vinna með hin nánu félagatengsl sem bekkjakerfið býður upp á. Alkunna er að bestur árangur næst í máltöku annars máls þegar nemandinn nær inn í félagahópin og verður hluti af hópnum.

2.2.6 Viðmót og menning skóla

Í byrjun hvers skólaárs er forráðamönnum nýnema boðið í Ráðhús Reykjavíkur þar sem skólastarfið framundan er kynnt og þeim síðan boðið í heimastofur barna sinna í MR þar sem umsjónarkennari býður upp á hressingu og kynnir það sem framundan er í skólastarfinu. Fundurinn var haldinn að kvöldi dags í byrjun september og voru gestir um 300 talsins að þessu sinni.

Í skólanum leggjast starfsmenn á eitt við að aðstoða nemendur í daglegu starfi. Hér eru starfandi tveir námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur, bókasafnsfræðingur, skrifstofufólk, húsverður og kennarar.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er lögð rík áhersla á menningu og listir. Kennnd eru fjölmörg tungumál við skólann sem liður í að opna menningarheiminn en auk hinna hefðbundnu tungumála, dönsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku eru kennd latína og gríska. Farið er í heimsóknir til annarra landa. Í vetur var farin nemenda- og kennaraferð til Rómar. Gestakennarar frá öðrum löndum eru boðnir velkomnir. Í vetur voru starfandi gestakennarar

við MR frá Spáni og Frakklandi. Auk þess fengum við heimsóknir af nemendum og kennurum frá Danmörku.

Kennd er listasaga og myndlist við skólann og starfandi er kór sem var fjölmennur í vetur að venju. Margir nemendur tóku þátt í að setja á svið leiksýningu í Herranótt. Í vetur fóru nemendur og kennarar á símfóníutónleika í Hörpu og boðið var upp á fjölmargar leikhúsferðir fyrir nemendur og kennara. Haldnar eru tvær árshátíðir skólafélaganna. Fyrir árshátíð Skólafélagsins eru matstofur nemenda skreyttar hátt og lágt af nemendum sjálfum eftir ákveðnu tema hverju sinni.

Gamlar hefðir voru á sínum stað í vetur, meðal annars voru nýnemar busaðir í byrjun september og haldið ball um kvöldið. Dimission var á sínum stað um vorið.

Vettvangsferðir skipa stóran sess í vetrarstarfinu, t.d. árleg Esjuganga nemenda og kennara og aðrar sameiginlegar fjallaferðir.

Mikið var um dýrðir þegar skólafélagið Framtíðin hélt upp á 130 ára afmæli. Hér að neðan er lýsing ritara og varaforseta Framtíðarinnar, Lilju Daggar Gísladóttur á afmælisvikunni:

Framtíðin 130 ára

Í tilefni þess að þann 15. febrúar verður Framtíðin 130 ára, var vikan 21. – 25. janúar haldin hátíðleg með alls kyns uppákomum og skemmtunum.

Vikan hófst á glæsilegum viðburði á Hátíðarsal skólans, þar sem frú Vigdís Finnbogadóttir kom og hélt ræðu fyrir nemendur skólans. Ræða hennar var skemmtileg og upplífandi þar sem Vigdís náði vel til allra í salnum og deildi sögum frá sínum tíma við skólann, bæði sem nemandi og kennari. Eftir ræðuna var Vigdís fengin til að formlega hefja afmælisviku Framtíðarinnar með því að klippa á borða.

Á þriðjudeginum var Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, fyrsti kvenforseti Framtíðarinnar, fengin til að koma í Masa nova, eins konar spjallþátt sem hefur verið í megalvikum Framtíðarinnar í vetur. Arnór Gunnar Gunnarsson, núverandi forseti Framtíðarinnar, sat þar með Ingibjörgu og spurði út í tíma hennar við skólann og viðbrögð fólks við því þegar hún auk fjögurra annarra stúlkna tóku við stjórn Framtíðarinnar 1949. Viðtalið var virkilega áhugavert og margar spurningar spruttu upp hjá nemendum þegar þeim var boðið að varpa sjálfum fram spurningum til Ingibjargar.

Miðvikudagshádegishléið var svo bombuhádegishlé þar sem núverandi Gettu betur-lið okkar MR-inga mætti gömlum Gettu betur-kempum. Lið þeirra samanstóð af þeim Birgi Ármannssyni og bræðrunum Snæbirni og Sverri Guðmundssonum en þeir eru auðvitað allir fyrrum MR-ingar. Núverandi lið okkar er svo skipað Grétari Guðmundi Sæmundssyni, Grétari Þór Sigurðsson og Þorsteini Gunnari Jónssyni. Jón Áskell Þorbjarnarson var spyrill og eftir hörkuspennandi keppni fór svo að núverandi Gettu betur-lið sigraði, 14-11.

Á fimmtudeginum kom Klemens, ungur og upprennandi tónlistarmaður í heimsókn í Cösu. Hann tók nokkur hugljúf lög sem gerðu notalega og rólega stemmingu í Cösukjallara.

Á föstudaginn var svo haldin veisla! Nemendur skráðir í Framtíðina fengu glös að gjöf og Cösukjallari var skreyttur með blöðrum og borðum. Risastór kaka var í boði fyrir gesti og gangandi auk þess sem Sirkus Íslands lét sjá sig um allan salinn. Trúður og maður á einhjólí léku listir sínar ásamt því að nemendur gátu fengið blöðrudýr eins og þau vildu. Ritnefnd Loka Laufeyjarson gaf út veglegt afmælisrit sem einnig var dreift til nemenda auk þeirra sem höfðu hjálpað til við undirbúning og framkvæmd vikunnar.

Það má með sanni segja að við í Framtíðarstjórn höfum fengið góð viðbrögð frá nemendum og skólafyrirvöldum fyrir þessa skemmtilegu viku og því má segja að höfðað hafi verið til allra aldurshópa og afmælishátíðin verið mjög ánægjuleg.

Fyrir hönd Framtíðarstjórnar,

Lilja Dögg Gísladóttir, ritari og varaforseti

2.2.7 Aðbúnaður í Menntaskólanum í Reykjavík

Aðstaða nemenda:

Um nokkurn tíma hafa nemendur MR búið við þröngan húsakost. Kennt er í Gamla skóla, Fjósínu, Casa Christi, Casa Nova, tengibyggingu og Elísabetarhúsi. Allar stofur eru nýttar til hins ítrasta. Í öllum stofum er skjávarpi og nauðsynleg tæki til kennslu. Verklegar stofur eru vel búnar tækjum til kennslu.

Aðstaða nemenda til ípróttaiðkana er bágborin og á engan hátt fullnægjandi. Ípróttahús ásamt aðstöðu er ekki ásættanleg. Nærumhverfi skólans hefur verið mikið notað til ípróttakennslu en mikil og brýn þörf er á bættri aðstöðu til ípróttakennslu við MR. Ljóst er að einungis nýbygging mun leysa þann vanda.

Mötuneyti nemenda er til húsa í kjalla Casa Nova. Aðstaða starfsmanna í mötuneyti nemenda hefur batnað mikið við endurbætur sl. sumar en samt getur mötuneytið alls ekki þjónað öllum þeim 896 nemendum sem stunda nú nám við skólann. Það er ljóst að það getur ekki orðið sú breyting á mötuneyti nemenda sem talist getur ásættanleg nema með nýbyggingu. Húsrými í dag getur ekki gert það.

Félagsaðstaða nemendafélaganna býr einnig við þröngan húsakost í kjallara Amtmannsstígs og vantar verulega upp á að hún sé viðunandi. Ekki verður séð að þar geti orðið breyting nema með nýbyggingu.

Aðstaða kennara:

Allir kennarar í MR hafa vinnuaðstöðu og aðgang að tölvu. Í mörgum tilfellum er vinnuaðstaðan afar góð en sum rýmin eru í þrengri kantinum. Ekki verður séð að þar geti orðið breyting á nema með nýbyggingu.

Samkomusalur - aðstaða nemenda og kennara:

Menntaskólinn í Reykjavík býr aðeins yfir einum sal, hátíðasalnum í Gamla skólahúsinu. Salurinn rúmar í besta falli 65-70 manns. Kennarafundir eru haldnir í salnum og er þröngt setið. Hins vegar vantar tilfinnanlega aðstöðu til að geta kallað nemendur saman þó ekki væri nema einn árgang í einu. Þetta aðstöðuleysi gerir starfsemi skólans oft erfitt fyrir en ljóst er að ekki verður hægt að ráða bót á þessu nema með nýju húsnæði.

2.2.8 Umbótaáætlun

Í viðhorfshluta kennslukönnunar sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að öll atriðin tíu sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda og jákvæðara mat en fyrir ári síðan. Helst má finna að því að aðeins 65% nemenda telja að kennari birti mjög oft, frekar oft eða í meðallagi einkunnir á Námsnetinu fyrir skyndipróf eða stærri verkefni. Úr því þarf að bæta og verða kennarar óspart hvattir til að birta einkunnir nemenda sinna á Námsnetinu.

Varðandi könnun um nám og líðan nemenda í kennslukönnun kemur fram að svör um og yfir 90% nemenda eru mjög jákvæð, frekar jákvæð eða í meðallagi gagnvart þeim sjö atriðum sem spurt er um.

Áður en formlegt sjálfsmat fer af stað skólaárið 2013-2014 verða sett niður matsteymi í skólanum til að undirbúa þær rannsóknir sem gerðar verða með áherslu á rammaáætlun og sem nefndar verða í sjálfsmatsáætlun.

Fyrir liggja teikningar af umbótum skólans og er beðið eftir að ráðist verði í framkvæmdir.

2.3 Annað

Síðastliðin fjögur ár hafa reglubundið verið gerðar starfendarannsóknir við skólann en tekin var ákvörðun um að hvíla þær í vetur.

Starfsmannahandbók MR var endurbætt og skrifaður nýr formáli þar sem fram komu nöfn höfunda handbókarinnar og starfsmenn hvattir til að benda á mögulegar úrbætur eða nýtt efni fyrir útgáfu hennar haustið 2014. Starfsmannahandbók 2013 var dreift á fyrsta starfsmannafundi haustið 2013.

Endurtaka þurfti könnun um líðan nemenda vegna mistaka við hana á síðastliðnu ári en könnunin barst ekki nemendum með kennarakönnun eins og vera átti og svörun því ómarktæk. Könnun sem stóð til að setja á laggirnar og snertir starfsfólk MR, líðan, þarfir, starfsanda og samstarf var þar af leiðandi frestað til skólaársins 2013-2014.

Gerð var skoðun á samræmdum aðgerðum kennara til stuðnings lesblindum nemendum í MR bæði hvað varðar próf og einkunnir þeirra. Fenginn var sérfræðingur til að kynna stuðningskerfi við lesblinda svo og einkenni og styrkleika þessara nemenda. Fundurinn var vel sóttur af starfsmönnum skólans.

Tekið hefur verið upp sérstakt stoðkerfi fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Komin er tveggja ára reynsla á það og virðist hafa lánast vel að aðlaga þessa nemendur að náminu með góðum stuðningi frá félögunum í bekkjarkerfi MR.

3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2012-2013 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur síðan verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2012 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið með áherslu á rammaáætlun sem gerð hefur verið til fimm ára í senn. Síðan voru skipaðir starfshópar sem settu fram spurningar fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun forráðamanna nýnema og 4. bekkinga auk teymis til að rannsaka viðmót og menningu skólans og aðbúnað innan MR. Allar kannanir voru umbótamiðaðar og verður því fylgt eftir að árangurinn skili sér í enn betra skólasamfélagi.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.